



SIÐAREGLUR SÁTTAMIÐLARA

1. Grundvallaratriði

- Sáttamiðlun er málsmeðferð þar sem sáttamiðlari að frumkvæði aðila leiðir ferlið og aðstoðar þá við að semja sjálfir um lausn á ágreiningi sínum.
- Sáttamiðlara ber að stuðla að jafnræði með aðilum og sýna þeim virðingu.
- Sáttamiðlari er bundinn þagnarskyldu um allt sem fram kemur í sáttamiðluninni og í tengslum við hana, nema aðilar semji um annað eða lög krefjist. Það sama á við um fundi sáttamiðlara með hvorum aðila um sig.
- Sáttamiðlari skal áður en sáttamiðlun hefst ganga úr skugga um að aðilar hafi skilið hvað felst í sáttamiðlun og undirritað „Samning um sáttamiðlun.“
- Sáttamiðlari er ekki ráðgjafi aðila, tekur ekki afstöðu til ágreinings þeirra og hefur ekki það hlutverk að útkljá ágreininginn.
- Sáttamiðlara ber ekki skylda til að grípa inn í ef aðilar finna lausn á deilu sinni sem er frábrugðin því sem líklegt er að yrði niðurstaða dómstóls eða stjórnvalds. Sáttamiðlara ber heldur ekki skylda til að tjá sig um sterka eða veika þætti í málflutningi aðila.
- Aðilar taka þátt í sáttamiðlun af fúsum og frjálsum vilja. Hvor/hver þeirra sem er, sem og sáttamaður, geta hvenær sem er ákveðið að binda endi á sáttamiðlunina.

2. Hlutleysi, óhlutdrægni og sjálfstæði

- Sáttamiðlari skal vera hlutlaus, óhlutdrægur og óháður aðilum og ágreiningsmálum þeirra.
- Sáttamiðlari skal, eftir því sem tilefni er til, bæði fyrir sáttamiðlun og meðan á henni stendur upplýsa aðilana um það sem hugsanlega getur haft áhrif á hlutleysi hans, óhlutdrægni og sjálfstæði.
- Komi upp réttmætur vafi um hlutleysi sáttamiðlara, óhlutdrægni eða sjálfstæði, skal sáttamiðlari binda endi á sáttamiðlunina.
- Sá sem hefur komið að ágreiningi sem sáttamiðlari getur ekki eftir það gætt hagsmuna annars aðilans í máli sem tengist ágreiningnum.

3. Hlutverk, skyldur og hæfni sáttamiðlara

- Sáttamiðlara er skylt að fara eftir siðareglum þessum.
- Sáttamiðlari skal í samvinnu við aðila skapa sem bestar aðstæður fyrir framgang máls þess sem til umfjöllunar er.
- Sáttamiðlari skal hafa lokið námskeiði á vegum Sáttar eða sambærilegu námi sem félagið viðurkennir. Sáttamiðlara ber að viðhalda sem best þekkingu sinni og færni sem sáttamiðlari.

Siðareglurnar voru samþykktar á félagsfundi Sáttar 16. október 2007